

Þingflokksfundur Pírata, 3. maí, 2017, kl. 13:00-15:00

Fundinn sátu: Ásta Guðrún Helgadóttir, Birgitta Jónsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Einar Brynjólfsson, Gunnar Hrafn Jónsson, Gunnar Ingiberg Guðmundsson, Halldóra Mogensen, Jón Þór Ólafsson, Smári McCarthy, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Baldur Karl Magnússon og Eiríkur Rafn Rafnsson sem ritar fundargerð.

Nr. 24/2017

1. Fundargerð

Fundargerð frá 26. apríl 2017 samþykkt.

2. Dagskráin í dag og næstu daga (ÁH)

Ákveðið að Birgitta fari í óundirbúnar fyrirspurnir á morgun og hyggst hún beina fyrirspurn sinni til félags- og jafnréttismálaráðherra. Gunnar Hrafn tekur að sér sérstakar umræður í dag um lyfjaneyslu Íslendinga og Halldóra og Birgitta fara í sérstakar umræður um greiðsluþátttöku sjúklinga. Farið var yfir dagskrá næstu daga og þingvaktir ræddar. Einnig var farið yfir atkvæðagreiðslur sem framundan eru.

3. Brif frá þingflokksformannafundum (ÁH)

Ásta gerði grein fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar og næstu viku. Þingflokksfundir mánudaginn 8. maí. Rætt um kosningar í nefndir og stjórnir á vegum Alþingis.

4. Starfsmannamál

Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata, upplýsti um framgang atvinnuviðtala.

5. Brif úr nefndum

Dagskrárlið frestað.

6. Fjármálaáætlun - umsagnir og umræða um þær

Rætt um umsagnir fastanefnda og hvernig staðið skuli að vinnu við þær.

7. Skipun í stjórn nefndir og ráð og kynjaskipting

Dagskrárlið frestað.

8. Önnur mál

Dagskrárlið frestað.